



Upplýsingablað fyrir foreldra barna í Hamraborg

Fastir liðir í starfsemi leikskólans:

Útivera

Útiveran er mikilvægur þáttur í uppeldisstarfi leikskólans, þar sem grófhreyfingum og frjálsum leik er gert hátt undir höfði.

Útivera er holl öllum heilbrigðum börnum. Veðráttan á Íslandi er umhleyingasöm og því fáum við ekki breytt. Þessvegna er best fyrir íslensk börn venjist veðráttunni eins og hún er frá blautu barnsbeini.

Samveru stundir

Í samverustundum eru lesnar sögur, sungið og rætt saman. Samverustundirnar gegna stóru hlutverki í leikskólanum. Þær stuðla að auknum þroska barnsins og veita því ánægju. Börnin fá að tjá sig og læra að hlusta á aðra.

Hópastarf

Í hópastarfi er börnunum skipt eftir aldri í smærri hópa. Börnin læra að vinna saman í verkefnum og taka tillit hvert til annars. Vinnustund hópsins hefst og lýkur á sama hátt. Ramminn sem er upphaf, athöfn og endir veitir börnunum öryggi, þau vita alltaf hvað er í vændum.

Val

Eitt af markmiðum okkar er að börnin verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sé er í örri og sífelldri þróun. Til að ná þessu markmiði viljum við að barnið fái tækifæri til að velja sér verkefni sjálft og taka ábyrgð á því vali. Þannig stuðlum við að því að barnið þori og vilji takast á við hið óþekkta, verði gagnrýninn einstaklingur sem getur valið og hafnað í lífinu.

Verkefnavinna

Unnið er með ákveðið viðfangsefni á fjölbreytilegan hátt í lengri eða skemmri tíma.

Vettvangsferðir

Börnin fara í ýmsar lengri og skemmri vettfangferðir. Oft tengjast ferðirnar verkefnavinnu.

Sveitaferð

Áhverju vori er farið í sveitaferð og eru foreldrar boðnir að koma með og eiga ánægjustund í sveitinni með börnunum. Foreldrafélagið fjármagnar ferðina ásamt leikskólanum.

Upplýsingatöflur

Á hverri deild eru upplýsingatöflur og hvetjum við foreldra til að fylgjast með hvað þar stendur.

Söngfundir

Annan hvern föstudag er sameiginlegur söngfundur deildanna.

Ársáætlun

Leikskólinn vinnur áætlun fyrir leikskólaárið og er hún kynnt á foreldrafundi að hausti. Ársáætlun er á heimasíðu leikskólans.

Sumarhátíð

Maí/júní mánuður er listamánuður hér í Hamraborg sem endar með sumarhátíð. Þá er foreldrum boðið í grillveislu.

Jólaball

Jólatrésskemmtun í desember í boði foreldrafélagsins.

Hagnýtar upplýsingar.

Uppsagnafrestur- breytingar

Uppsagnafrestur á leikskólaplássi er einn mánuður og miðast hann við mánaðarmót og óski foreldrar eftir breytingum á dvalartíma barns skal upplýsingum þar að lútandi komið til leikskólastjóra. Ekki er alltaf hægt að koma strax til móts við allar óskir foreldra um breytingar.

Breytingar

Nauðsynlegt er að tilkynna breytingar á aðstæðum barnanna svo sem veikindi, nýtt heimilsfang, símanúmer svo náist til foreldra ef á þarf að halda.

Afmæli barnanna

Afmælisdagur er stór dagur fyrir barnið. Haldið er upp á hann í leikskólanum, Barnið fær kórónu, sunginn er afmælissöngur og boðið er uppá poppkorn (eldri deildir) eða frostpinnu.

Leikföng

Ekki er æskilegt að börnin komi með leikföng, mat eða aðra smáhluti. Þó er leyfilegt að barnið komi með bók sem hægt er að lesa fyrir allan hópinn. Einnig mega börnin á yngri deildum hafa með sér eitt tuskudýr sér til halds og trausts. Við viljum benda á að starfsfólk leikskólans getur ekki borið ábyrgð á þessum hlutum.

Klæðnaður barna

Klæðið börnin eftir veðri og hafið í huga að klæðnaður barnanna sé þægilegur. Nauðsynlegt er að hafa aukaföt og mikilvægt er að merkja fatnaðinn (líka skófatnað). Í leikskólanum vinnum við með ýmis efni svo sem liti, lím, leir og málningu sem geta farið í föt barnanna því er æskilegt að börnin séu ekki í spari klæðnaði í leikskólanum. Leikskólar Reykjavíkur eru ekki tryggðir fyrir skemmdum á fötum barnanna. Þau börn sem nota bleiur koma með þær að heiman og viljum við biðja foreldra að fylgjast með því að barnið verði ekki bleiulaust. Hólf barnanna þarf að tæma á föstudögum vegna þrifa.

Veikindi barna

Leikskólinn getur ekki tekið við veikum barni. Barn sem veikist með hita þarf að dvelja heima þar til það er hitalaust að minnsta kosti 1-2 sólarhringa. Fá barnið smitandi sjúkdóm verður það að dvelja heima þar til smithættan er liðin hjá. Þetta er nauðsynleg ráðstöfun til að forðast útbreiðslu sjúkdóma í leikskólanum og sjálfsögð tillitsemi gangvart öðrum börnum. Ef barn þarfnast inniveru í kringum veikindi þurfa foreldrar að ræða það við starfsfólk leikskólans en venjan er 1-2 dagar.

Lyfjagjafir

Ef börn í leikskóla þurfa á lyfjum að halda ber að haga lyfjagjöf þannig að lyfin séu gefin heima. Undantekningar á þessu eru til dæmis asmalyf.

Óhöpp, slys og veikindi í leikskólanum

Ef barnið verður fyrir slysi eða veikist höfum við samband við foreldra. Náist ekki í þá eða ef um alvarlegt slys er að ræða er farið með barnið á slysadeild eða heilsugæslustöð.

Sumarleyfi

Leikskólinn er lokaður í tvær vikur á sumrin. Öll leikskólabörn verða að taka fjögurra vikna samfellt sumarleyfi

Skipulags- og námskeiðsdagur.

Leikskólinn er lokaður fjóra daga á ári vegna skipulagningar og endurmenntunar starfsfólks.

Dvalartími og dvalargjöld

Þegar barnið byrjar í leikskólanum er gerður dvalarsamningur, sem foreldrum og forráðamönnum ber að virða. Grunntími í leikskóla er kl. 8.00-12.00 og 13.00-17.00 að viðbættu hádegi fyrir heilsdagsdvöl. Börn í heilsdagsdvöl eiga kost á að dvelja sinn tíma á bilinu 7.30-17.30 og er gerður um það dvalarsamningur við leikskólann. Börn í heilsdagsdvöl skulu ekki dvelja lengur en 9 stundir á dag í leikskólanum nema í algerum undantekningartilfellum. Hálf dagsdvöl er 4, 5 og 6 klst. fyrir og eftir hádegi. Hálf tíminn frá 7.30 - 8.00 er í boði fyrir börn í hálf dagsdvöl fyrir hádegi og greiðist hann aukalega. Leikskólinn er heimilt að víkja frá meginreglum um dvalartíma fyrir því eru rök sem samræmast starfsemi leikskólans.

Foreldrasamvinna

Góð samvinna foreldra og leikskóla er forsenda fyrir árangursríkri dvöl í leikskólanum og góðri líðan barnsins. Samvinna foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári og oftast ef þörf er á og foreldrar óska eftir. Tilgangur foreldraviðtala er að veita gangkvæmar upplýsingar um barnið og framgang þess.

Foreldrafundir

Foreldrafundur er haldinn einu sinni á ári, þ.e. á haustönn og er tilgangur hans að miðla upplýsingum um uppeldisstarfið í leikskólanum.

Foreldrafélag

Við leikskólann er starfandi foreldrafélag og eru foreldrar sjálfkrafa meðlimir í félaginu. Foreldrafélagið er mikilvægur stuðningur við leikskólann.